

3.4 Lokunargjald

Lokunargjald hitaveitu 1.500 kr.

Á gjöld þessi leggst virðisaukaskattur eftir gildandi reglum á hverjum tíma.

Skammstafanir:

<i>Tákn</i>	<i>Eining</i>	<i>Skýring</i>
A	amper	straumur
kW	kílówatt	afl
kWh	kílówattstund	orka
ML	mínútlítrar	rennsli

4. gr.

Samþykki og staðfesting.

Gjaldskrá þessi, B-hluti, staðfestist hér með, samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi 1. júlí 1999 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli, jafnframt er felld úr gildi eldri gjaldskrá Veitustofnana Hveragerðis B-hluti nr. 266, 22. apríl 1997 með áorðnum breytingum.

Iðnaðarráðuneytinu, 16. júní 1999.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Katrín Jóhannsdóttir.

22. júní 1999

Nr. 418

AUGLÝSING**um gildistöku reglugerðar um skírteini útgefin af Flugmálastjórn Íslands.**

Samgönguráðuneytið hefur ákveðið, samkvæmt heimild í 145. gr., sbr. 31., 73. og 74. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998, að kröfur Flugöryggissamtaka Evrópu (JAA) um skírteini flugliða (JAR-FCL), skírteini flugmanna á flugvél (JAR-FCL 1) og heilbrigðiskröfur fyrir skírteini flugliða (JAR-FCL 3) skuli gilda við útgáfu skírteina Flugmálastjórnar Íslands frá 1. júlí 1999. Kröfur Flugöryggissamtaka Evrópu eru birtar sem hluti reglugerðar um skírteini útgefin af Flugmálastjórn Íslands.

Reglugerð um skírteini útgefin af Flugmálastjórn Íslands er gefin út samkvæmt heimild í 145. gr., sbr. 31., 73. og 74. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 og tekur gildi 1. júlí 1999. Brot á reglugerðinni varðar refsingu samkvæmt 141. gr. laga um loftferðir nr. 60/1978. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um skírteini gefin út af Flugmálastjórn nr. 344/1990 með síðari breytingum.

Samgönguráðuneytinu, 22. júní 1999.

Sturla Böðvarsson.

Halldór S. Kristjánsson.